



Reglur fyrir tímaat og kappakstur

**Samþykkt á fundi hjá Keppnisráði
í Hringakstri 1.12.2018**

**Jón Bjarni Jónsson
Baldvin Hansson**

1. Almennt

- 1.1. Reglur þessar gilda fyrir tímaatskeppnir og kappaksturskeppnir.
- 1.2. Stjórnandi er keppnistjórn sem skipuð hefur verið af fullgildu aðildarfélagi Akstursíþróttasambands Íslands.
- 1.3. Reglur þessar gilda frá því tilkynnt dagskrá hefst þar til kærufrestur er útrunninn.
- 1.4. Keppnisráð hringaksturs sem og stjórn AKÍS skal hafa frjálsan aðgang að öllum íþróttamótum sem fara fram í tímaati og kappakstri innan vébanda sambandsins.

2. Skráning

- 2.1. Skráningu skal vera lokið í það minnsta 3 dögum fyrir keppni og skal birta lista yfir skráða keppendur á vefsíðu keppnishaldara minnst 2 dögum fyrir keppni.
- 2.2. Keppandi telst ekki skráður til keppni nema hafa skráð sig og greitt keppnisgjald.
- 2.3. Reglur um skráningu fyrir keppendur:
- 2.4. Keppendum er leyfilegt að skrá sig einu sinni í hvern flokk í hverri umferð Íslandsmeistaramóts.
- 2.5. Ökutækin verða að uppfylla allar kröfur þess flokks sem keppandi hyggst keppa í.
- 2.6. Ekki er heimilt að tveir eða fleiri ökumenn keppa á sama ökutæki í hverri keppni.
- 2.7. Hvert ökutæki má aðeins nota í einum flokk í hverri keppni.
- 2.8. Ekki er heimilt að skipta um ökutæki eftir að fyrsta ferð í tímatökum er ekin.
- 2.9. Keppandi skal hafa mætt á að lágmarki 1 æfingu á þeirri braut sem keppnin fer fram á. Keppnisstjórn er heimilt að falla frá þessari reglu teljist keppandi hafa reynslu sem gefur tilefni til þess.
- 2.10. Keppnisstjórn er heimilt að færa keppendur um flokk fram að ræsingu fyrstu ferðar í tímatöku.



3. Skipulag / dagskrá

Pittur opnar og skoðun hefst.
Pittur lokar.
Keppendafundur.
Keppnisstjóri kynnir helstu starfsmenn og fer yfir dagskrá dagsins.
Æfingar hefjast hjá þeim sem hafa lokið keppnisskoðun.
Hlé til að yfirfara brautina fyrir tímatökuna.
Tímataka keyrð.
Hlé vegna uppröðunar.
Keppnin keyrð.
Kærufrestur hefst.
Verðlaunaafhending.

4. Brautin

- 4.1. Samkvæmt úttekt frá AKÍS
- 4.2. Brautarform
- 4.3. Brautin má vera með hægri og vinstri beygjum, flatlendi og með hæðum.
- 4.4. Brautarlengd er milli 0,5 km og 10 km. Lágmarks breidd er 6 metrar.
- 4.5. Kanta/staura/vegrið skal þekja með höggdeyfandi efnum ss. heyböggum, svömpum eða dekkjum, þar sem talið er nauðsynlegt.
- 4.6. Flaggara-stöðvum er hægt að skipta út fyrir rafmagnstæki.
- 4.7. Allar mannaðar flaggara-stöðvar skulu hafa eftirfarandi:
- 4.8. Talstöð, síma eða annað rafrænt samskiptatæki
- 4.9. Flögg
- 4.10. Slökkvitæki
- 4.11. Kústa
- 4.12. Pittur fyrir keppendur:
- 4.13. Ef það er pittur skal hann vel merktur og staðsettur á þægilegum stað við brautina. Innkeyrsla og útkeyrsla af pittsvæði skal merkt með skýrum hætti.
- 4.14. Mælt er með að pittboxin séu afmörkuð.
- 4.15. Pittur skal vera það stór að þar sé pláss fyrir alla þátttakendur og þjónustuliða, brautarstarfsmenn, gesti o.s.frv.
- 4.16. Eftirfarandi er mælt með að sé til staðar á svæðinu
- 4.17. Klósett
- 4.18. Neyðarsturta
- 4.19. Vatnskranar
- 4.20. Rafmagn
- 4.21. Fjarskiptabúnaður (símar, talstöðvar osfrv.)
- 4.22. Stjórnstöð
- 4.23. Sjoppa / veitingar
- 4.24. Stjórnstöð á brautinni



- 4.25. Verðlaunapallur
- 4.26. Hátalarakerfi
- 4.27. Aðstaða fyrir áhorfendur

5. Skoðun

- 5.1. Keppnistæki þarf að standast skoðun skoðunarmanna á staðnum.
- 5.2. Ekkert keppnistæki má fara á brautina óskoðað.
- 5.3. Óskráð ökutæki skal hafa skráningarnúmer úthlutað af AKÍS varanlega skráð á veltibúr ökutækis, vel sýnilegt í öikumannshurð eða -opi. Varanlegt þýðir höggvið eða soðið.
- 5.4. Skoðunarmaður skal skoða ökutæki með hliðsjón af flokkaskráningu og færa viðkomandi ökutæki um flokk eða vísa frá keppni uppfylli ökutæki ekki flokka- og öryggisreglur.

6. Persónulegur útbúnaður keppenda

- 6.1. Ökumenn skulu vera í að lágmarki tveggja laga eldheldum heilgalla. Í kappakstri skal gallinn vera með viðurkenningu frá FIA (FIA 8856-2000) , SFI (SFI 3.2A/5 eða hærra) eða vera merktur EN 533 index 3.
- 6.2. Undanskilinn er flokkur 7.9 þar sem nægir að vera í alfatnaði, síðerma og síðbuxna úr náttúrulegum efnum, til dæmis ull, bómull eða öðru slíku.
- 6.3. Fyrir öll hlífðarföt gildir að þau skulu formuð og sniðin þannig að þau skýli vel öllum líkamanum þar á meðal hnakka, ristum og úlnliðum. Ekki má prenta auglýsingar beint á samfestinginn. Undirföt skulu vera úr bómull eða ull.
- 6.4. Í kappakstri er skylda er að vera í skóm, hönskum og með hettu úr eldheldu efni sem bera viðurkenningu frá FIA (FIA 8856-2000) eða SFI (SFI 3.3/ 5 eða hærra).
- 6.5. Hansbúnaður er skylda í flokkum 7.7, 7.13, 7.14 og kappakstri og skal vera með viðurkenningu frá FIA (FIA 8858) eða SFI (SFI 3.3)
- 6.6. Hjálmar samkvæmt reglum AKÍS/FIA.

7. Flokkar

- 7.1. Flokkar 7.4-7.12 miðast við „boddíbíla“ sem hafa verið fjöldaframléiddir götubílar á almennum markaði. Flokkar 7.4-7.13 eru að jafnaði fyrir skoðaða bíla með tryggingaskírteini en hægt að fá leyfi keppnishaldara til að keppa á óskráðum bíl. Opnir bílar skulu hafa veltivörn og aka með lokaða blæju þar sem það á við. Gluggar og topplúgur skulu vera lokaðar í akstri. Ökutæki skulu vera með tryggingarviðauka eða sérstakar keppnistryggingar eftir því sem við



- á. Bílar skulu búnir dráttarkrókum/lykkjum að framan og aftan. Í keppni í kappakstri mega þær ekki ná út fyrir fremsta eða aftasta hluta yfirbyggingar.
- 7.2. Leyfðar breytingar í öllum flokkum: Bremsur, fjöðrunarkerfi, loftinntak og púst.
 - 7.3. Nítró er ekki leyfilegt.
 - 7.4. Hot wheels. Allir fjöldaframleiddir „boddybílar“, óblásnir allt að 1000 cm³ sem hafa verið á almennum markaði eru gjaldgengir. Dekk skulu hafa treadwear 220 eða meira. Loftflæðibreytingar eru leyfðar og innréttingu má fjarlægja. Þessi flokkur er einnig í boði í kappaksturskeppnum en þá skulu bílar vera með veltibúri, öryggisbeltum og körfustól í samræmi við reglur AKÍS/FIA. Bílar skulu ekki vera blæjubílar. Einungis er leyfilegt að nota eldsneyti sem fæst á dælu í almennri sölu á Íslandi.
 - 7.5. Hot wheels JUNIOR. Sömu reglur og gilda um flokk 7.4 nema fyrir bíla sem eru allt að 1600 cm³ og keppandi skal vera undir 18 ára aldri þegar íslandsmót er hálfnað.
 - 7.6. Hot wheels SPORT. Sömu reglur og gilda um flokk 7.4 nema fyrir bíla sem eru allt að 2000 cm³.
 - 7.7. Hot wheels TURBO. Sömu reglur og gilda um flokk 7.4 nema fyrir blásna bíla allt að 2500 cm³.
 - 7.8. Óblásnir rallybílar, Flokkur fyrir bíla sem eru gjaldgengir í AB varahlutaflokkinn í rally. Bílar skulu standast allar reglur í þeim flokki.
 - 7.9. Götubílar. Flokkur fyrir fjöldaframleidda bíla að hámarki 249 hestöfl (samkvæmt upplýsingum frá framleiðanda sem koma fram í skráningarskírteini), búnum hjólbörðum með treadwear 220 eða meira og að hámarki 235mm á breidd. Allar breytingar á yfirbyggingu eru bannaðar. Vél skal vera af upprunalegri gerð en þó má skipta út vél frá sama framleiðanda ef vélin hefur verið í boði í einhverri útgáfu af bílnum. Innrétting skal öll vera í bílnum. Þó má skipta út framstólum, beltum og stýri en ekki léttu bílinn að öðru leyti. Heimilt er að fjarlægja hluta innréttingar til að koma fyrir veltibúri eða það sem þarf fyrir aftan B póst til að koma fyrir veltiboga eða stöng fyrir sætisbelti. Einungis er leyfilegt að nota eldsneyti sem fæst á dælu í almennri sölu á Íslandi.
 - 7.10. Götubílar RWD. Sömu reglur og gilda um flokk 7.9 nema fyrir afturdrifs bíla sem eru 250 hestöfl eða meira og engin hámarks breidd dekkja og treadware 180 eða meira. Lágmarks þyngd er 1.450 kg.
 - 7.11. Götubílar R-SPORT. Sömu reglur og gilda um flokk 7.9 nema fyrir bíla sem eru 250 hestöfl eða meira og engin hámarks breidd dekkja og treadware 180 eða meira.
 - 7.12. Breyttir götubílar. Flokkur fyrir fjöldaframleidda bíla búnum hjólbörðum með treadwear 80 eða meira. Engin takmörkun á breidd dekkja en alveg slétt dekk (dekk án þvermunsturs) eða „slikkar“ eru



ekki leyfðir. Engar takmarkanir á mótör, drifbúnaði og yfirbyggingu. Heimilt er að skipta út framstólum, beltum og stýri. Heimilt er að fjarlægja innréttingu ef sett er veltibúr í bílinn eða það sem þarf fyrir aftan B póst til að koma fyrir veltiboga eða stöng fyrir sætisbelti. Burðarvirki skal vera óbreytt, en má þó styrkja að vild. Einungis er leyfilegt að nota eldsneyti sem fæst á dælu í almennri sölu á Íslandi.

- 7.13. Opinn flokkur fjöldaframleiddra bíla. Allt breytingar leyfðar.
- 7.14. Opinn flokkur kappakstursbíla. Þessi flokkur er hugsaður fyrir bíla sem ekki falla inn í flokka 7.4-7.13. Má þar nefna sérsmíða bíla, og kappakstursbíla. Ökutæki sem eru ekki á númerum skulu vera með keppnistryggingar og framvísa vottorði frá skoðunarstöð fyrir hemla- og stýrisbúnað.

8. Öryggisatriði

- 8.1. Bílar sem keppa í kappakstri skulu uppfylla eftirfarandi atriði eftir því sem við á.
- 8.2. Öryggisbúr samkvæmt reglum AKÍS/FIA.
- 8.3. Upprunaleg húddlæsing skal fjarlægð og húddi lokað með að lágmarki tveimur þar til gerðum húddlæsingum.
- 8.4. Stólar, festingar þeirra og öryggisbeltafestingar skulu vera samkvæmt reglum FIA. Öryggisbelti skal vera að lágmarki. 5 punkta.
- 8.5. Framrúða skal vera úr lamineruðu öryggisgleri eða óbrjótanlegu plasti og þá að lágmarki 5mm. Skylda er að hafa aðrar rúður í bifreiðinni eða óbrjótanlegt plast (Makron/Lexan) í þeirra stað (lágmark 2mm).
- 8.6. Skylda er að hafa rúðuþurrkur og rúðupiss á bílnum.
- 8.7. Allir bílar skulu hafa baksýnispegil eða hliðarspegla.
- 8.8. Vatnsrör að kælikerfi sem liggja í gegnum farþegarými skulu vera ósamsett. Olíuleiðslur skulu vera viðurkenndar háþrýstislöngur.
- 8.9. Útfærsla hjólabúnaðar, svo sem demparar, gormar, fjaðrir og klafar er frjáls, svo framarlega sem hann stenst öryggiskröfur sem almennt eru gerðar til ökutækja.
- 8.10. Gerð hemla er frjáls en handhemill æskilegur. Ef tækið er óskráð skal hemlabúnaður vera tekinn út af skoðunarstöð og vottorði þar að lútandi framvísað.
- 8.11. Sé notaður eldsneytisgeymir annar en sá upprunalegi skal hann vera tryggilega festur, minnst 30 cm frá úthlið bílsins. Útöndun skal ná út fyrir bifreiðina og niður fyrir tank og hafa einstreymisloka. Þannig skal gengið frá honum að bensín leki ekki út. Bannað að staðsetja eldsneytisgeymi í öikumansrými.
- 8.12. Eldsneytisinnngjöf skal útbúin með þeim hætti að ef hún aftengist færist gangur vélar sjálfkrafa í hægagang.
- 8.13. Eldsneytislagnir inni í bíl skulu vera úr eir, stáli eða vírofnun slöngum. Öll samskeyti á eldsneytislögnum eru stranglega bönnuð í



- ökumansrými.
- 8.14. Ekki er heimilt að loftinntak vélar sé inni í ökumansrými.
 - 8.15. Rafgeymir skal tryggilega festur. Sé rafgeymir í farþegarými skal hann vera þurrgeymir.
 - 8.16. Straumrofi er skylda á hverri bifreið. Hann skal vera með snerli eða handfangi og greinilega merktur á/af (on/off). Hann skal staðsetja fyrir framan framrúðu eða á aftasta hluta bifreiðar. Straumrofi á að rjúfa allan straum og drepa á bifreiðinni. Straumrofinn skal merktur með rauðri eldingu inn í bláum þríhyrning með hvítri brún. Merkið skal vera með að minnsta kosti 12 cm löngum hliðum.
 - 8.17. Amk. tvö bremsuljós skulu vera staðsett að afturhluta bifreiðar og vel sýnileg. Styrkur ljóssins skal nema 15-30 watta glóperu eða 6-10 watta LED ljósi.
 - 8.18. Gírkassi og drif er frjálst.
 - 8.19. Tryggilega fest slökkvitæki skal vera í bílum.
 - 8.20. Bílar sem keppa í tímaati skulu uppfylla eftirfarandi:
 - 8.21. Í flokkum 7.7 7.13 og 7.14 skulu uppfylla reglur listaðar í lið 8.1. Æskilegt er að aðrir bílar í tímaati geri það einnig.
 - 8.22. Opnir bílar, bílar með blæju eða fjarlægðanlegan topp skulu hafa veltivörn sem ver ökumann.

9. Keppnishald í tímaati

- 9.1. Ræsir skal ræsa keppendur út úr pitti með meira en 10 sekúndna millibili. Lengd brautar ræður hve margir bílar eru á brautinni samtímis. Ef fleiri keppendur eru í flokki en þeir sem komast á brautina samtímis skal skipt í eins marga riðla og þörf er á.
- 9.2. Keppnin skiptist í æfingu og þrjár lotur í hverjum flokki. Æfing (15 mínútur), undanrásir (15 mínútur), niðurskurður (12 mínútur) og úrslit (12 mínútur). Lágmarks kælitími á milli lotna skal vera 15 mínútur.
Allir keppendur keppa í undanrásum, sá helmingur (námunda skal upp í næstu sléttu tölu) keppenda sem nær bestum tíma keppir í niðurskurði og þrír hröðustu keppendur í úrslitum. Ef keppendur eru færri en 8 í flokki skal sleppa niðurskurði í undanrásum.
Í undanrásum ræður keppnisstjóri rásröð. Í niðurskurði og úrslitum er sá keppandi sem er með besta tímann í lotunni á undan ræstur fyrst, svo sá sem er með næst besta og svo framvegis.
- 9.3. Merkja má svæði á brautinni þar sem framúrakstur er ekki leyfður ef aðstæður krefjast þess að mati keppnisstjóra og öryggisfulltrúa.
- 9.4. Séu keilur notaðar til afmörkunar á keppnisbraut og ökutækið snertir keilu skal ógilda hring hjá viðkomandi keppanda.
- 9.5. Sú regla skal gilda að ökumenn hægari bíla skulu leitast við að hleypa hraðari bílum framúr á öruggan hátt. Keppnishaldari notar blá flögg til að minna hægari bíla á að víkja til hliðar við fyrsta tækifæri



þar sem framúrakstur er öruggur. Keppnisstjóri getur beitt refsingu séu reglur um framúrakstur ekki virtar. Refsing er 10 sekúndna viðbót við besta brautartíma keppendans í viðkomandi lotu.

- 9.6. Óheimilt er að aka á annað ökutæki. Aki keppandi á annað ökutæki hefur keppnisstjóri heimild til að vísa keppanda úr keppni.
- 9.7. Ákveði keppnisstjóri að brautin sé það blaut að hætta geti hlotist af notkun semislikka eða slikka getur hann krafist þess að öll ökutæki noti regndekk. Regndekk eru dekk með amk. 3 mm djúpum raufum sem veita vatni að ytri brúnum dekkisins, líkt og venjuleg götudekk gera.
- 9.8. Stig til Íslandsmóts eru gefin samkvæmt eftirfarandi töflu:

1. sæti	25 stig
2. sæti	18 stig
3. sæti	15 stig
4. sæti	12 stig
5. sæti	10 stig
6. sæti	8 stig
7. sæti	6 stig
8. sæti	4 stig
9. sæti	2 stig
10. sæti	1 stig

- 9.9. Ef tveir eða fleiri eru með jafnmörg stig í efsta sæti í lok keppnistímabilsins skal sá teljast Íslandsmeistari sem var ofar í þeirra síðustu innbyrðis keppni.

10. Keppnishald í kappakstri

- 10.1. Keppnin skiptist í 20 mínútna æfingu, 20 mínútna tímatöku og þrjár 12 mínútna kappaksturslotur. Að minsta kosti 15 mínútna bið skal vera milli lota.
- 10.2. Merkja má svæði á brautinni þar sem framúrakstur er ekki leyfður ef aðstæður krefjast þess að mati keppnisstjóra.
- 10.3. Sú regla skal gilda að öikumenn bíla sem hafa verið hringaðir skulu leitast við að hleypa hraðari bílum framúr á öruggan hátt. Keppnishaldari notar blá flögg til að minna hringaða bíla á að víkja til hliðar við fyrsta tækifæri þar sem framúrakstur er öruggur.



Keppnisstjóri getur beitt refsingu séu reglur um framúrakstur ekki virtar. Refsing er 10 sekúndna viðbót við tíma keppandans í viðkomandi lotu.

- 10.4. Óheimilt er að aka á annað ökutæki. Aki keppandi á annað ökutæki hefur keppnisstjóri heimild til að vísa keppanda úr keppni.
- 10.5. Ákveði keppnisstjóri að brautin sé það blaut að hætta geti hlotist af notkun semislikka eða slikka getur hann krafist þess að öll ökutæki noti regndekk. Regndekk eru dekk með amk. 3 mm djúpum raufum sem veita vatni að ytri brúnum dekkisins, líkt og venjuleg götudekk gera.
- 10.6. Keppendur fá stig skv eftirfarandi töflu:

1. sæti	25 stig
2. sæti	18 stig
3. sæti	15 stig
4. sæti	12 stig
5. sæti	10 stig
6. sæti	8 stig
7. sæti	6 stig
8. sæti	4 stig
9. sæti	2 stig
10. sæti	1 stig

- 10.7. Til úrslita gilda samanlögð stig úr öllum 3 lotum.
- 10.8. Ef tveir keppendur eru með jafnmörg stig er sá sigurvegari sem kom á undan í mark í síðustu innbyrðis viðureign þeirra.

11. Annað

- 11.1. Á pittsvæði er 15 km/klst hámarkshraði og skal aka þar með fyllstu gát.
- 11.2. Dekkjahitun með spóli er stranglega bönnuð á pittsvæði.
- 11.3. Flögg
- 11.4. Grænt flagg: Brautin er auð og tilbúin fyrir akstur.
- 11.5. Gult flagg: Hætta í braut, akið varlega og framúrakstur bannaður.
- 11.6. Rautt flagg: Keppni stöðvuð, keppandi skal stöðva bílinn undir eins og bíða frekari fyrirmæla.
- 11.7. Hvítt flagg: Síðasti hringur, akið í pitt eftir einn hring.



- 11.8. Svart flagg: Akið í pít.
- 11.9. Blátt flagg: Hleypa skal hraðari bíl fram úr við fyrsta tækifæri.
- 11.10. Sé fjöldi skráðra keppenda færri en 6 getur keppnishaldari frestað keppni eða fellt hana niður.
- 11.11. Á meðan keppni stendur yfir má einungis keppandi vera í bifreiðinni.
- 11.12. Keppandi má hafa með sér tvo aðstoðarmenn inn á svæði og ber á þeim fulla ábyrgð.

12. Sérstakar refsingar

- 12.1. Keppnisstjórn getur beitt keppendum tímarefsingum fyrir brot á keppnisreglum
- 12.2. Fyrir að sinna ekki flöggum eða tilmælum brautarstarfsmanna getur keppnisstjórn bætt 10 sekúndum við tíma þess hringis sem brotið er framið í.
- 12.3. Fyrir að aka yfir hraðamörkum á píttsvæði getur keppnisstjórn fært keppanda niður um allt að tvö sæti í yfirstandandi keppnislotu.